



Klifur

Fréttablað Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra

Mars 2004, 15. árgangur 1. tbl.

**Þing Sjálfsbjargar
framboðslistinn**

**Í hjólastól
í einn dag**

**Afsláttur
á eldsneyti**

**Halaleikhópurinn
gerir það gott**

**Unga fólkið
í pólitík**



**Í minnsta hjólastólnum
aðeins þriggja ára gömul!**

Klifur



Fréttablað Sjálfsbjargar,
landssambands fatlaðra.

Ábyrgðarmaður:
Sigurður Einarsson.

Útgáfufynd:
Pálína Snorradóttir
Árni Salomonsson
Birna Frímansdóttir
Guðný Guðnadóttir
Jón Hlöðver Áskelsson
Örn Sigurðsson

Skrifstofa Sjálfsbjargar, Isf.
Hátúni 12, 105 Reykjavík.
Sími 550-0300, fax: 550-0399,
tölvupóstur: mottaka@sjalfsbjorg.is

Framkvæmdastjóri:
Sigurður Einarsson.

Fjármálafulltrúi:
Edda S. Hólmsteinsdóttir.

Ritari:
Steingerður Halldórsdóttir.

Upplýsinga- og félagsmálafultr:
Arndís Guðmundsdóttir.

Hönnun og umbrot:
Kristrún M. Heiðberg.
heidberg@islandia.is

Prentvinnsla:
Prentmet ehf.
ISSN 1670-312X



Forsíðumyndin er af Bjarneyju Guðrúnu Jónsdóttur, 3 ára, sem er í minnsta hjólastólnum á Íslandi. Viðtal við föður hennar er á bls. 8. Mynd/kmh.

Efnisyfirlit:

Forystugrein - Jón Eiríksson skrifar	3
Halaleikhópurinn - Fílamaðurinn fær góðar viðtökur	4
Afsláttur á eldsneyti - Samkomulag Sjálfsbjargar og Skeljungs	5
Nýr kynningar og félagsmálafultrúi - Arndís Guðmundsdóttir	5
Sæmd gullmerki Sjálfsbjargar - Brynhildur Bjarnadóttir	7
Í minnsta hjólastólnum á Íslandi - aðeins þriggja ára gömul	8-11
Þing Sjálfsbjargar Isf. - Framboðslistinn kynntur	12-15
Í hjólastól í einn dag - sveitarstjórinn á Sauðárkróki	17-18
Unga fólkið í pólitík - hvað segir það um málefni fatlaðra	19-21
Sjálfsbjörg 2003 - Arnór Pétursson skrifar	23-24
Krossgátan - vinningshafar	27



Forystugrein

Fáein orð um þing Sjálfsbjargar

Áætlað er að halda þing Sjálfsbjargar í maí næstkomandi og gott er fyrir þá sem hafa hug á að gefa kost á sér til þingsetu að fara að undirbúa sig fyrir það.

- ➔ Hvert verður aðalmál þingsins?
- ➔ Hefur viðkomandi eitthvað til málanna að leggja, eitthvað nýtt fram að færa?
- ➔ Stuðla að því að aðildarfélag viðkomandi leggi fram mál sem frambjóðandinn hefur hug á að ná framgöngu.
- ➔ Kynna sér framkomna framboðslista til stjórna og nefnda Sjálfsbjargar.
- ➔ Vera tilbúinn að starfa í hópinnu um ákveðin mál og leggja fram ályktanir þar um.



Jón Eiríksson, félagi í Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, skrifar.

Þetta eru bara nokkrir punktar sem gætu gagnast þeim sem hug hafa á að sækja þing. Það hefur því miður allt of oft gerst að þingfulltrúar hafa komið illa undirbúnir til þings og jafnvel ekki haft hugmynd um hvert aðalmál þingsins verður. Á næsta þingi verður þó stór megin breyting frá fyrri þingum. Nú verður í fyrsta skipti kosið eftir nýjum lögum sem kveða skýrt á um að: Framkvæmdastjórn skal leggja fyrir þing kjörseð-

il (kjörseðla) með þeim framboðum sem komin eru fram ef þau eru fleiri en tillaga kjörnefndar. Hafi engar aðrar tillögur komið fram skoðast tillaga kjörnefndar samþykkt og hún staðfest af þingi Sjálfsbjargar.

Nú er semsagt ekki lengur hægt að stinga upp á fólki í hin og þessi embætti á þinginu sjálfu heldur skal allt slíkt komið fram áður. Kjörnefnd leggur þessi gögn fram a.m.k. tveimur mánuðum fyrir þing og sendir aðildarfélagunum sem þurfa að skila sínum tillögum a.m.k. mánuði fyrir þing. Einnig geta einstakir félagsmenn Sjálfsbjargarfélaganna lagt fram sínar tillögur og þurfa þær að vera komnar til framkvæmdastjóra mánuði fyrir þing.

Þessi gögn þurfa væntanlegir þingfulltrúar að kynna sér vel og hafa myndað sér skoðun á þeim.

Utan við þetta allt saman er svo bara að mæta á svæðið með góða skapið í farteskinu vera tilbúin að takast á við mikla vinnu, stundum svolítið „stress“ og jafnvel vökur ef því er að skipta. Megi næsta þing verða starfsamt og árangursríkt.

ALÞJÓÐA
LÍFTRYGGINGARFÉLAGIÐ



Ný síma- og faxnúmer hjá Sjálfsbjörg

Ný síma- og faxnúmer hafa verið tekin í notkun í Sjálfsbjargarhúsinu. Nýja sameiginlega símanúmerið á símaborði hússins er 550-0300 og Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra hefur fengið faxnúmerið 550-0399. Sjálfsbjargarheimilið hefur nú faxnúmerið 550-0301. Þessi breyting tengist því að ný símstöð hefur leyst af aðra stöð,

sem var komin vel til ára sinna. Hin nýja símstöð í Sjálfsbjargarhúsinu er stafræn og af þeim sökum reyndist nauðsynlegt samtímis að skipta um símanúmer. Ýmsir kostir fylgja hinni nýju símstöð s.s. að allir starfsmenn hafa nú fengið ný símtæki, sem Síminn hefur gefið í húsið, og einnig hafa allir starfsmenn nú sitt eigið beina númer.

Halaleikhópurinn:

Fílamaðurinn fær góðar viðtökur

Leikritið Fílamaðurinn sem Halaleikhópurinn, leikhópur fatlaðra og ófatlaðra, sýnir um þessar mundir hefur fengið afar góðar viðtökur. Í leiklistargagnrýni Morgunblaðsins segir m.a. „Halaleikhópurinn er greinilega öflugt leikfélag sem hefur sett upp að minnsta kosti eina sýningu á ári síðustu tólf ár. Með sýningu sinni á Fílamanninum festa þau sig enn betur í sessi sem áhrifamikil „öðruvísi“ leikhús.“ Leikhópurinn þykir taka á verkinu á frumlegan og óvenjulegan hátt. Í uppfærslunni er gildunum snúið við, allir eru fatlaðir nema Fílamaðurinn.

Fílamaðurinn, sem er eftir Bernard Pomerance, fjallar um þekktu



Með sýningu sinni á Fílamanninum festir Halaleikhópurinn sig enn betur í sessi sem áhrifamikil „öðruvísi“ leikhús, segir m.a. í leiklistargagnrýni Morgunblaðsins.

persónu John Merrick sem uppi var á Englandi í lok níttjándu aldar. Hann var svo afskræmdur af ákveðnum beinasjúkdómi að hann gekk undir nafninu Fílamaðurinn. John kemst undir læknishendur og fjallar leikritið að mestu um samskipti hans og læknis hans dr. Frederic Treves eftir komu hans á Lundúnaspítala. Á spítalanum dvaldi hann síðustu æviárin. Meðan á dvöl

hans þar stóð varð hann þekkur meðal heldra fólksins í London, en áður hafði hann verið hafður til sýnis á ýmsum markaðssýningum.

Að sýningu Halaleikhópsins koma að þessu sinni um 30 manns. Leikstjórn er í höndum Guðjóns Sigvaldasonar.

Miðpantanir í síma 552-9188 alla virka daga milli kl. 16 og 19.

Allar upplýsingar á www.is-

Pökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning

Reykjavík

A. Wendel ehf
Sóltúni 1
Aðalblikk ehf
Vagnhöfða 19
Aðalmálun sf
Skólavörðustíg 10
Aðalvík ehf
Seiðakvísl 15
Alefli ehf byggingaverktakar
Þverholti 15
Almenna verkfræðistofan hf
Fellsmúla 26
Alþýðusamband Íslands, www.asi.is
Sætúni 1
Arkitektastofa Finns og Hilmars sf
Bergstaðastræti 10
Avis - Bílaleiga
Knarrarvoggi 2
Áltak ehf
Stórhöfða 33
Árbæjarapótek ehf
Hraunbæ 102b

Árbæjarbakari ehf
Rofabæ 9
Árni Reynisson ehf
Túngötu 5
Bako ehf
Draghálsi 6
Bandalag íslenskra farfugla
Sundlaugavegi 34
Bátar og búnaður ehf
Barónsstíg 5
Bending ehf
Bæjarflöt 8f
Beta líf ehf
Kringlunni 8
Betri bílar hf, bílaverkstæði
Skeifunni 5c
Bífreiðabyggingar sf
Ármúla 34
Bífreiðaverkstæði H.P.
Hamarshöfða 6
Bindir ehf
Stangarhyl 5
Bilahornið Stilling ehf
Skeifunni 11

Bílaleigan AKA
Vagnhöfða 25
Bílaleigan Hertz
Reykjavíkurlflugvelli
Bílastillingar Björns Steffensen
Hamarshöfða 6
Bílastjarnan
Bæjarflöt 10
Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23
Blómagalleri ehf
Hagamel 67
Bókabúð Steinars ehf
Bergstaðastræti 7
Bókhaldsþjónustan Viðvík ehf
Skeifunni 4
Bón- og þvottastöðin ehf
Sóltúni 3
Brauhúsið ehf
Efstalandi 26
Breiðholtsskóli
Arnabakka 1-3
Brimrún ehf
Hólmaslóð 4

Bræðurnir Ormsson ehf
Lágmúla 8
BSRB
Grettisgötu 89
Búlki ehf
Gufunesi
Byggingafélagið B3 ehf
Gufunesi
Bændasamtök Íslands
Bændahöllinni Hagatorgi
Dagvist barna
Hafnarhúsinu Tryggvagötu 1
DHL Á ÍSLANDI
Skútuvogi 1e
Dreifing ehf
Vatnagörðum 8
Dún- og fiður ehf
Laugavegi 87
Dún- og fiðurrheinsunin
Vatnsstíg 3
E. Ólafsson ehf
Grófinni 1
Effect hársnyrtistofa
Bergstaðastræti 10a

Samkomulag Sjálfsbjargar og Skeljungu:

Afsláttur á eldsneyti fyrir hreyfihamlaða

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra og Skeljungur hf. hafa náð samkomulagi um að veita handhöfum „stæðiskorta“ sjálfsafgreiðsluafslátt af eldsneyti í fullri þjónustu á Shellstöðvunum um allt land.

Afslættinum verður stjórnað á þann hátt að þeir sem hafa fengið útlutað stæðiskorti hjá sýslumanni eða lögreglustjóra vegna hreyfihömlunar geta sótt um Vildarkort hjá Skeljungi en þurfa að láta fylgja með umsókninni ljósrit af stæðiskortinu til að fá afsláttinn skráðan á kortið. Umsóknareyðublöð fyrir Shell vildarkort liggja frammi á Shellstöðvunum og hægt er að senda umsóknir í pósti til Skeljungs hf. eða inn á næstu Shell stöð.

Handhafar stæðiskorta sem framvísa Shell vildarkorti munu fá afgreitt eldsneyti í fullri þjónustu á sjálfsafgreiðsluafslætti á milli kl. 7.30 og 19.30, þar sem eingöngu er boðið upp á þjónustu fram til kl. 19.30 á kvöldin. Afslátturinn verður reiknaður sjálfkrafa út auk þess sem vildarpunktur færast á viðkomandi í



Handhafar „stæðiskorta“ fá sjálfsafgreiðsluafslátt af eldsneyti í fullri þjónustu á Shellstöðvunum um allt land.

Vildarkerfi Flugleiða.

Rétt er að geta þess að Sjálfsbjörg er að vinna í því að ná sambærilegu samkomulagi við önnur olúfélög í landinu þ.e.a.s. Esso og Olís. Ekki hefur skort vilja fyrirtækjanna fyrir slíku samkomulagi en ýmsir tæknilegir örðugleikar hafa hins vegar verið í veginum. Um leið og slíkt samkomulag hefur náðst við önnur olúfélög mun það verða kynnt fyrir félagsmönnum Sjálfsbjargar.

Sumarferð Flækjufótar

Ferðaklúbburinn Flækjufótar stendur fyrir sumarferð á tímabilinu 10.-27. ágúst n.k. Farið verður með Norrænu til Danmerkur og Færeyja. Dvalið verður í Danmörku í eina viku í litlu þorpi, Vandel, sem er stutt frá Lególandi. Keyrt verður þaðan og ýmsir markverðir staðir skoðaðir, m.a. er gert ráð fyrir að

skreppa dagsferð til Þýskalands. Í Færeyjum verður dvalið á Hótel Runnavík.

Skráning er hafin í þessa 18 daga ferð með nýju Norrænu. Með í ferð verður sérútbúin rúta með lyftu. Allar uppl. veittar í síma 898-2468.

Þess má geta að Flækjufótar á tíu ára afmæli á þessu ári.

Sjálfsbjörg, Isf.

Nýr upplýsinga- og félagsmála-fulltrúi



Nýr upplýsinga- og félagsmála-fulltrúi hóf störf hjá Sjálfsbjörg, Isf. í febrúar sl. Nýi starfsmaðurinn, sem tekur við af Björgu Árnadóttur, heitir Arndís Guðmundsdóttir og starfaði áður sem fræðslufulltrúi hjá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur. Arndís er fædd árið 1966 og er með próf frá Háskóla Íslands í mannfræði og kynjafræði með uppeldis- og menntunarfræði sem aukagrein.

Auk starfsins hjá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur hefur Arndís starfað sem kennari og að ýmsum verkefnum fyrir Guðmund Magnússon og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, prófessora við Háskóla Íslands. Hún hefur auk þess fengist við danskennslu hjá Jazzballettskóla Báru og er með VI. stigs próf í píanóleik frá Nýja tónlistarskólanum.

Um leið og Sjálfsbjörg býður Arndísi hjartanlega velkomna til starfa og óskar henni velfarnaðar vilja samtökin þakka fráfarandi félagsmála-fulltrúa, Björgu Árnadóttur, sem nú hverfur til annarra starfa, kærar þakkir fyrir frábæra og gefandi, en því miður allt of stutta, starfstíð hjá samtökunum.

*Sigurður Einarsson.
framkvæmdastjóri.*

Pökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning

Reykjavík

Eflling stéttarfélag
Sætúni 1
Efnalaug Árbæjar ehf
Hraunbæ 102
Eiðfaxi tímarit
Dugguvogi 10
Eldaskálinn, innréttingaverslun
Brautarholti 3
Endurskoðendabjónustan ehf
Skiopholti 50d
Endurskoðunarskrifstofa
Laugavegi 178
Endurvinnslan hf
Knarrarvogi 4
Fagtún ehf
Brautarholti 8
Fasteignamarkaðurinn ehf
Óðinsgötu 4
Fasteignasalan Garður ehf
Skiopholti 5
Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6
Fero ehf
Steinaseli 6
Ferskar kjötvörur hf
Síðumúla 34
Félag járníðnaðarmanna
Borgartúni 30
Félagsbústaðir hf
Hallveigarstig 1
Fiskbúðin Hafrún ehf
Skiopholti 70
Fiskbúðin Hafrún ehf
Skiopholti 70
Flugradió sf
Reykjavíkflugvelli
Framsóknarflokkurinn
Hverfisgötu 33
Fuglar ehf
Síðumúla 13
Fullorðinsfræðsla fatlaðra
Borgartúni 22
Færeyska sjómannaheimilið
Brautarholti 29
Fönix ehf, heimilistækjaverslun
Hátúni 6a
G.S. varahlutir
Bildshöfða 14
Gallabuxnabúðin Kringlunni
Kringlunni 4-12
Gamlhús
Amtmannstig 1
GÁB ehf
Faxafeni 11
Gámabjónustan hf
Súðarvogi 2
Gistiheimilið Baldursbrá
Laufásvegi 41
Gistiheimilið Jörð
Skólavörðustig 13a

Globus hf
Skútuvogi 1f
Glófaxi hf
Ármúli 42
Gluggahreinsun Loga
Funafold 4
Grand Hótel Reykjavík hf
Sigtúni 38
Gripið og greitt ehf
Skútuvogi 4
Grænn kostur
Skólavörðustig 8
Guðmundur Jónasson hf
Borgartúni 34
Gæðafæði ehf
Bildshöfða 14
Hafgæði sf
Fiskislóð 28
Hagaskóli
Fornhaga 1
Hampiðjan hf
Bildshöfða 9
Hans Petersen hf
Skeljanesi 1
Harald og Sigurður ehf
Stangarhyl 6
Hárgreiðslustofa Höllu
Magnúsdóttur
Miðleiti 7
Heildverslun Péturssonar
Dugguvogi 12
Heilsugæslan í Reykjavík
Barónsstíg 47
Helgason og Co ehf
Gylfaflöt 24-30
Hersir-ráðgjöf og þjónusta ehf
Suðurlandsbraut 12
Hópfæðabjónusta Reykjavíkur
Brúnastöðum 3
Hraði hf, fatahreinsun
Ægissíðu 115
Hrafnista, dvalarheimili aldraðra
Hafnarfirði og Reykjavík
Hreinsitækni ehf
Stórhöfða 35
Hreyfimyndasmíðjan ehf
Garðsenda 21
Hringsjá, starfsþjálfun fatlaðra
Hátúni 10b
Húsaklæðning ehf
Ingólfsstræti 3
Húseignabjónustan
Laufásvegi 2a
Húsgagnaverslunin Heimilisprýði
Hallarmúla 1
Húsun ehf
Hamarshöfða 6
Hvítlist hf
Krókhálsi 3
Höfðakaffi ehf
Vagnhöfða 11
Höfði fasteignamiðlun ehf,

Suðurlandsbraut 20
og Bæjarhrauni 22
Hönnun hf
Grensásvegi 1
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Lágmúla 9
Internet á Íslandi Isnic
Dunhaga 5
ISS Ísland ehf
Ármúla 40
Ísbú alþjóðaviðskipti ehf
Hólmaslóð 4
Íslandsbanki hf
Stórhöfða 17
Íslandsbanki hf
Háaleitisbraut 58
Ísleifur Jónsson ehf
Bolholti 4
Íslensk endurskoðun
Grensásvegi 16
Íslensk getsþá sf
Engjavegi 6
Íslenska auglýsingastofan
Laufásvegi 49-51
Íslenska umboðssalan hf
Krókhálsi 5f
Íslenskar getraunir
Engjavegi 6
Íslux ehf
Fornhaga 22
Ísól ehf
Ármúla 17
Íþróttafélagið Fylkir
Fylkisvegi 6
J. S. Gunnarsson hf
Fossaleyni 10
Jónshús ehf byggingaverktakar
Álftamýri 65
Kaþólska kirkjan á Íslandi
Hávallagötu 14-16
Kemhydrosalan ehf
Snorrabraut 87
Kemis ehf
Breiðhöfða 15
Kjaran ehf
Síðumúla 12-14
Kjartan Gunnarsson
Starhaga 4
Klebergsskóli
Knattspyrnufélagið Víkingur
Traðarlandi 1
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Konan, tiskuvörverslun
Skólavörðustig 10
KPMG endurskoðun hf
Borgartúni 27
Kraftur hf
Vagnhöfða 1
Kramhúsið ehf
Skólavörðustig 12
Kul, vélsmiðja

Smiðshöfða 17
Kynning og markaður - KOM ehf
Borgartúni 20
Kælivélar ehf
Hryggjarseli 10
Lagastoð ehf
Lágmúla 7, 6. hæð
Landakotsskóli
Landslag ehf
Þingholtsstræti 27
Landslagsarkitekt Mogensen ehf
Viðihlið 45
Langholtskirkja
Sólheimum 13
Láshúsið ehf
Bildshöfða 16
Legalis lögmannsstofan
Lágmúla 7
Leiguval sf
Kleppsmýrarvegi 8
Leikskólinn Olgukot ehf
Bræðraborgarstig 1
Liðsinni ehf
Kringlunni 7
Linan ehf
Suðurlandsbraut 22
Línuhönnun
Suðurlandsbraut 4a
Lýfjadreifing ehf
Krókhálsi 14
Lysi hf
Grandavegi 42
Lögfræðiskrifstofan
Tjarnargötu 10d
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
Vegmúla 2
Lögmannsstofan Nestor ehf
Laugavegi 182
Lögmenn Fortis ehf
Laugavegi 7
Lögmenn Hafnarstræti 20 ehf
Hafnarstræti 20
Lögmenn Laugardal ehf
Suðurlandsbraut 4a
Lögreglustjóriinn í Reykjavík
Hverfisgötu 115
Magnús og Steingrímur ehf
Bildshöfða 12
Málmsteypa Ámunda Sigurðssonar
Skiopholti 23
Miðaprentun ehf
Vagnhöfða 7
Mjólkursamsalan í Reykjavík
Bitruhálsi 1
MMC Fisktækni
Stangarhyl 6
Morgunblaðið
Kringlunni 1
Mótorverk ehf
Stígahlið 97
Námsflokkar Reykjavíkur
Frikirkjuvegi 1

Brynhildur Bjarnadóttir:

Sæmd gullmerki Sjálfsbjargar

Sæmdar- og Sjálfsbjargarkonan Brynhildur Bjarnadóttir varð 70 ára 20. febrúar sl. Fjöldi fólks minntist tímamótanna með henni, enda konan vinamörg. Meðal gesta var formaður Sjálfsbjargar, Arnór Pétursson. Um leið og hann þakkaði henni ötult starf að Sjálfsbjargarmálum minntist hann þess hversu oft hún hefði létt andrúmsloftið á fundum og þingum með því að kasta fram vísu, fara með hugnæmt ljóð eða messa hresslega yfir fundarmönnum. Í nafni Sjálfsbjargar nældi hann síðan gullmerki samtakanna í barm hennar með virðingu og þökk.

Brynhildur hefur um tveggja ára-tuga skeið starfað í framvarðarsveit



Sjálfsbjargar á Húsavík og reynt m.a. að vekja athygli samferðarmanna sinna á baráttu málum fatlaðra fyrir betra lífi.

Arnór Pétursson, formaður Sjálfsbjargar, lsf. afhenti Brynhildi gullmerki Sjálfsbjargar fyrir ötult starf sitt í þágu samtakanna.

Þökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning

Reykjavík

Neytendasamtökin
Siðumúla 13
Nonnabiti
Hafnarstræti 11
NorðNorðVestur
Kvikmyndagerð ehf
Viðarhöfða 6
Orkuvirki ehf
Tunguhálsi 3
Ottó B. Arnar ehf
Ármúla 29
Plúsmarkaðurinn
Hátúni 18b
Pottþétt ehf
Hjallalandi 30
Póló ehf
Bústaðavegi 130
Prentmót ehf
Vitastig 3
Rafborg ehf
Sundaborg 3
Rafha ehf
Suðurlandsbraut 16
Raf-Ós hf
Kambaseli 21
Rafstilling ehf

Dugguvogi 23
Rafsvið sf
Haukshólum 9
Rafteikning hf
Borgartúni 17
Raftíðni ehf
Eyjarlóð 3
Raftækniþjónusta Trausta ehf
Siðumúla 9
Raforninn ehf
Suðurhlíð 35
Reiknistofa bankanna
Kalkofnsvegi 1
Reykjavíkurhöfn
Hafnarhúsinu Tryggvagötu 1
Rikki Chan, veitingasala
Kringlunni og Smáratorgi
Ræsir hf
Skúlagötu 59
S. M. verktakar sf, húsasmiði
Þverási 15
S.B.S. innréttingar, trésmiðja
Hyrjarhöfða 3
Samfylkingin
Austurstræti 14
Samtök verslunarinnar
Kringlunni 7
Securitas hf

Siðumúla 23
Seljakirkja
Hagaseli 40
Setberg, bókaútgáfa
Freyjugötu 14
SÍBS
Siðumúla 6
Sjómannaþagsráð
Laugarási Hrafnistu
Sjúkravörur - Remedia ehf
Suðurlandsbraut 52
Skóverslunin Bossanova
Bankastræti 4
Skóverslunin Iljaskinn ehf
Háaleitisbraut 58-60
Skúlason og Jónsson ehf
Skútuvogi 12h
Slökkvilið
höfuðborgarsvæðisins bs
Skógarhlíð 14
Snari, heildverslun
Starrahólum 8
SORPA
Gufunesi
Sóley Jóhannsdóttir
Sigtúni 23
Sönn ehf
Einholti 2

Starfsmannafélag Reykjavíkur
Grettisgötu 89
Stjörnuveg hf
Vallá Kjalarnesi
Stýring ehf
Háteigsvegi 7
Suzuki-bílar hf
Skeifunni 17
Sveinsbakari
Arnarbakka 4-6
Sviðsmyndir ehf
Skútuvogi 4
Talnakönnun hf
Borgartúni 23
Tandur hf
Hesthálsi 12
Tankahreinsun ehf
Skeljagrandi 7
Tannlæknastofa Ástu B Thoroddsen
Stigahlíð 44
Tannlæknastofa Björns
Þorvaldssonar
Siðumúla 25
Tannlæknastofa Guðrúnar
Ólafsdóttur
Snorrabraut 29
Tannlæknastofa Jóns Viðars
Skólavörðustíg 14



Í minnsta hjólástólnum á Íslandi

-aðeins þriggja ára gömul!

Bjarney Guðrún er þriggja ára, glaðvær og skörp ung stúlka. Hún fæddist með afar sjaldgæfan vöðvasjúkdóm, Bethlem myopathy, sem talið er að einungis 100-200 manns séu með í heiminum í dag. Bjarney Guðrún var aðeins eins og hálfis árs gömul þegar hún fór í hjólástól, minnsta hjólástólinn hér á landi. Faðir hennar, Jón Heiðar, er einnig með sama sjúkdóm og hefur verið hreyfihamlaður frá fæðingu. Fjölskyldan býr á Akureyri þar sem Bjarney Guðrún er í leikskóla eins og flest börn á hennar aldri. Blaðamaður Klífurs ræddi við Jón Heiðar um sjúkdóminn, Bjarneyju Guðrúnu, og hvernig þeirra daglega líf gengur fyrir sig.

að hún færi í DNA-próf en við vildum vera viss.

Nanna varð síðan ófrísk, meðgangan gekk eins og í sögu og allt leit vel út. Það var yndisleg stund þegar litla stúlkan okkar fæddist. Hún var frísk og eðlileg á allan hátt, að því undanskyldu að hún var svolítið stíf í mjöðmunum. Við fengum að fara heim með hana en áttum að mæta aftur upp á spítala nokkrum dögum síðar og þá átti að athuga betur með mjaðmirnar. Hún var send í myndatöku og þá kom í ljós að hún var úr mjaðmaliði. Í raun er ekki óalgengt að börn fæðist úr mjaðmaliði og þá er það lagfært með lítilsháttar aðgerð. Bjarney Guðrún var tíu daga gömul þegar hún fór í aðgerðina. Hún fékk vöðvaslakandi lyf, sem er yfirleitt gefið í svæfingu, en í stað þess að það slaknaði á vöðvunum þá stífudu þeir hjá henni. Það var fyrsta merkið um að eitthvað væri að vöðvunum. Þegar hér var komið sögu voru farnar að renna á mig

„Sjúkdómurinn kom fram hjá mér á fyrsta árinu þegar börn fara almennt að stíga í fæturna og ganga. Síðan kemur ekki föst greining fyrr en um átta ára aldurinn þegar ég var greindur með SMA (Spinal muscular atrophy) vöðvasjúkdóm og fékk um svipað leyti minn fyrsta hjólástól,“ segir Jón Heiðar. „Þegar ég og kona mín Nanna Bára Birgis-

dóttir fórum að hugsa um að eignast börn ákváðum við að Nanna færi í DNA-próf til að láta kanna hvort hún væri arfberi að sjúkdómnum, vegna þess að við vildum vera viss um að sjúkdómurinn kæmi ekki fram í barninu. Prófið kom neikvætt út. Það eru afskaplega litlar líkur á að SMA-sjúkdómurinn erfist og okkur var ekkert sérstaklega ráðlagt

„Hún er aðeins farin að spá í hvers vegna við séum í hjólastól en ekki mamma hennar.“

tvær grímur, vegna þess að SMA-sjúkdómurinn sem ég var greindur með er í taugum en ekki í vöðva-vefnum sjálfum og þ.a.l. hefði lyfið ekki átt að hafa þessi áhrif. Ég hringdi strax í lækinn minn og var sendur í DNA-próf. Niðurstöðurnar komu öllum í opna skjöldu, ég var ekki með SMA-sjúkdóminn. Í kjölfarið hófst greining á mér upp á nýtt. Tekið var vöðvasýni úr mér sem og Bjarneyju Guðrúnu og við greind hlið við hlið, ef svo mætti segja. Eftir u.þ.b. ár kom í ljós hvers kyns var. Við vorum bæði með vöðvasjúkdóminn Bethlem myopathy.“

Sjaldgæfur sjúkdómur

Að sögn Jóns Heiðars er Bethlem myopathy afar sjaldgæfur sjúkdómur, sem skýrir kannski hvers vegna það tók hátt í ár að greina hann hjá þeim feðginum. „Það eru ekki nema 100-200 manns í öllum heiminum með staðfesta greiningu á sjúkdómnum og við erum örugglega þau einu hér á Íslandi. Sjúkdómurinn er hvergi til í ættinni minni. Læknarnir sögðu að það hefði orðið stökkbreyting í genunum hjá mér á fósturskeiðinu. Bethlem myopathy erfist í 25-50% tilvika, og því eru helmingslíkur á að hann erfist áfram í börn Bjarneyjar Guðrúnar. Sjúkdómurinn greinist ekki í fósturlífi í dag en kannski verður það hægt síðar meir með aukinni tækni og þekkingu. Sjúkdómurinn leggst á alla útlímavöðva, en er ekki í hjarta eða lungum eins og með vöðvarýrnunarsjúkdóm. Hann gerir það að verkum að við fæðumst ekki með eins sterka útlímavöðva og ella. Annars erum við í rauninni hraust, því að öll líffærin virka vel.“



Að setja upp flugdreka með þabba. Mynd/úr einkasafni.



Bjarney Guðrún í gífsi, frá bringu niður á ökkla, aðeins um þriggja mánaða gömul. Mynd/úr einkasafni.

Stífar æfingar alla daga

Jón Heiðar segir það hafa verið skrítna tilfinningu að fá að vita það að hann hefði verið með ranga sjúkdómsgreiningu allan þennan tíma. Hann segir það lán í óláni að geta miðlað af sinni þekkingu og persónulegri reynslu af sjúkdómnum til Bjarneyjar Guðrúnar. „Ég hef verið það lengi með þennan sjúkdóm og þekki hvernig er að lifa með honum, þannig að ég er ágætis gagnabanki fyrir hana.“

Eins og áður sagði hefur Jón Heiðar verið hreyfihamlaður frá fæðingu. Hann lærði að ganga við hækjur 3-4



Í nýja rafmagnshjólastólnum til að nota utandyra. Mynd/úr einkasafni.

ára gamall og getur það enn, en notast við hjólastól samhliða því. Hann segist þó nota hjólastólinn aðeins meira, sérstaklega á löngum vegalengdum. „Sjúkdómurinn fer ekki versnandi með árunum eins og gerist t.d. með vöðvarýrnunarsjúkdómnum. Hins vegar þarf að passa vel upp á að halda þeim styrk sem er til staðar og það er aðeins gert með stífum og reglulegum æfingum. Ef maður teygir t.d. ekki á liðamótum í hnjám þá stytast þau og kreppast. Eitt aðaleinkenni þessa sjúkdóms er einmitt þessar styttingar um allt, en með því að vinna á því, teygja vel og hreyfa sig nógu mikið, þá er hægt að halda honum í skefjum. Ég hef verið í æfingum frá unga aldri og er enn. Ég fer í sjúkrahjálfun tvisvar í viku, syndi tvisvar í viku, æfi í tækjasal þrisvar sinnum í viku og er

í borðtennis tvisvar í viku. Ég þarf að halda mér í góðu formi til að missa ekki kraftinn. Um leið og ég slaka á þá verð ég máttlaus.“

Fljót að læra á stólinn

Jón Heiðar segir að þrátt fyrir að hann og Bjarney Guðrún séu með sama sjúkdóminn þá virðist hún vera heldur máttlausari og vöðvarnir slakari. „Það er ekki vitað hvað veldur því, e.t.v. er það kynbundið. Enn er ekki ljóst hvort Bjarney Guðrún komi til með að geta gengið. Hún er í mikilli þjálfun,. Hún fer í sjúkrahjálfun þrisvar í viku og síðan þjálfum við hana heilmikið heima. Hún skríður um allt, en er eiginlega ekkert farin að stíga í fæturna. Eins og háls árs fór hún í hjólastól og var þar með langyngsta barnið til að fara í hjólastól hér á landi. Aldrei áður hefur svo líttill hjólastóll verið fluttur til landsins. Um var að ræða sýnis-eintak sem við fengum lánað. Það var strax mikill kraftur í Bjarneyju Guðrúnu. Hún lék sér mikið og var viljug að prófa nýja hluti en það var auðvitað takmarkað sem hún komst. Þess vegna ákváðum við að láta hana prófa stólinn og það gekk ljóm-andi vel. Henni tókst að læra á hann á 2-3 vikum, svo við ákváðum að senda inn umsókn til Hjálpartækjamiðstöðvarinnar. Við tókum myndir af henni í stólnum, sendum með umsókninni og fengum samþykkt. Hún þarf hins vegar að fá nýjan stól fljótlega vegna þess að hún hefur stækkað mikið. Fyrir skömmu fékk hún svo rafmagnshjólastól til að nota utandyra, vegna þess að það er erfitt fyrir hana að nota litla stólinn utandyra, sérstaklega í mölinni í leikskólanum. Henni hefur gengið vel með rafmagnshjólastólinn og stefnan er að hún geti farið að nota hann í leikskólanum með vorinu. Þá erum við búin að sækja um gönguspelkur fyrir hana, vegna þess að markmiðið er auðvitað að koma henni á fætur. Það væri frábært ef hún næði þeirri getu að ganga við hækjur, það er svo mikill munur að geta bjargað sér á hækjum. Gönguspelkurnar munu halda henni uppi og taka af henni þyngdina, það er svona fyrsta skref-



Bjarney Guðrún er mjög sterk félagslega, sem er einmitt talið mjög mikilvægt fyrir þá sem eiga við fötlun að stríða,“ segir faðir hennar. Mynd/úr einkasafni.

„Enn er ekki ljóst hvort Bjarney Guðrún komi til með að geta gengið. Hún er í mikilli þjálfun, fer í sjúkrahjálfun þrisvar í viku og síðan þjálfum við hana heilmikið heima. Hún skríður um allt, en er eiginlega ekkert farin að stíga í fæturna.“

ið í að kenna henni og þjálf hana í gönguhreyfingum. Ef það gengur vel fær hún léttari spelkur síðar meir og hækjur eða göngugrind til að byrja með. En í raun er ekkert hægt að segja hvað hún kemur til með að geta. Við erum að vinna í því að gera hana eins sjálfbjarga og hægt er og síðan verður tíminn að leiða í ljós hvað hún kemur til með að geta, t.d. í sambandi við göngu og annað. Ef hún nær ekki göngugetu þá aðlagar maður sig öðruvísi.“

Fengu góðar móttökur á Akureyri

Jón Heiðar og Nanna fluttu ásamt Bjarneyju Guðrúnu til Akureyrar fyrir ári síðan. Nanna, sem er fædd og uppalin á Akureyri, hóf nám í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri og Bjarney Guðrún byrjaði á leikskóla. Síðustu þrjú árin sem fjölskyldan var búsett í Reykjavík starfaði Jón Heiðar sem þjálfari hjá Íþróttafélagi fatlaðra, þjálfaði m.a. sund, frjálsar og lyftingar. „Núna er ég heimavinnandi og sé m.a. um að þjálf mig og dóttur mína. Ég hef alltaf haft að leiðarljósi að ég er með þennan sjúkdóm og verð að miða líf mitt við það. Mér er það lífsnauðsynlegt að vera í góðu formi og það fer heilmikill tími í það. Það er ljóst að ef ég væri í skrifstofuvinnu alla daga frá kl. 9-5 þá myndi heilsu minni hraka til muna. En ég hef svo sem nóg að gera, er t.d. kominn í stjórn Sjálfsbjargar á Akureyri. Síðan er konan á fullu í skólanum, þannig að ég sé mikið um heimilið sem er töluverð vinna.“

Jón Heiðar segir að fjölskyldunni hafi verið afar vel tekið fyrir norðan. „Við höfum fengið mjög góðar móttökur af bænum, t.d. í sambandi við liðveislu, stuðning o.fl. Þegar kom t.d. að því að velja leikskóla fyrir Bjarneyju Guðrúnu voru starfsmenn hjá bænum sem unnu í því fyrir okkur að finna hvaða leikskóli myndi henta henni best hvað aðgengi o.fl. varðar. Síðan voru gerðar breytingar á aðkomu að leikskólanum okkur í hag og einnig er verið að reyna að gera leikskólalóðina sem aðgengilegasta fyrir hana sem er mjög gott. Hjá bænum er starfandi fjölskyldudeild sem sá um þessi mál og við höfum mjög góða reynslu af henni. Ég hef einmitt heyrt misjafnar sögur af því hvernig hin og þessi bæjaryfirvöld taka á málum er varða fötlun. Hjá sumu fólki er þetta mikil barátta við kerfið, en eins og ég segi þá höfum við mætt miklum skilningi hjá bæjaryfirvöldum á Akureyri.“

Að laga sig að aðstæðum

Að sögn Jóns Heiðars hefur gengið afar vel hjá Bjarneyju Guðrúnu í

leikskólanum. „Hún hefur aðlagast mjög vel og krakkarnir voru fljótir að venjast henni, t.d. í sambandi við hjólastólinn. Þeim fannst hann forvitnilegur fyrst, en nú þykir hann ekkert tiltökumál. Hún er með stuðningsfulltrúa í leikskólanum, sem hjálpar henni með það sem hún getur ekki gert sjálf, fylgir henni í sjúkrahjálfun o.fl. Bjarney Guðrún er mjög félagslynd, á sína vini og getur alveg tekið þátt í leikjum jafnaldra sinna. Hún þarf auðvitað á mikilli aðstoð að halda, t.d. þegar hún er úti að leika sér, vegna þess að það er takmarkað hvað hún kemst um í stólnum. En vonandi á það eftir að lagast þegar hún er farin að nota rafmagnshjólastólinn meira. Ég tel mjög mikilvægt að henni takist sem best að laga sig að aðstæðum. Það dregur nefnilega heilmikið úr áhrifum fötlunarinnar ef það tekst. Því er um að gera að nýta sér þau hjálpar-tæki sem til eru til að aðlagast umhverfinu eins og frekast er unnt. Bjarney Guðrún er mjög sterk félagslega, sem er einmitt talið mjög mikilvægt fyrir þá sem eiga við fötlun að stríða. Hvað mig varðar þá á ég mjög stóran vinahóp og held ennþá sambandi við gamla vini frá því að ég var í barnaskóla. Mér gekk líka mjög vel að aðlagast, bægslaðist einhvern veginn áfram. Síðan verður maður náttúrulega að vera vakandi yfir því að börn lendi ekki í þannig aðstæðum að þau verði útundan og dragi sig inn í skel. Það er vissulega hættu á því þegar um fötlun er að ræða og maður er kannski ekki alveg eins og allir aðrir.“

Aðspurður hversu meðvituð Bjarney Guðrún sé um sjúkdóminn, segir Jón Heiðar að þau hjónin hafi ekki mikið rætt um það við hana, hún sé það ung ennþá. „Hún er aðeins farin að spá í hvers vegna við séum í hjólastól en ekki mamma hennar. Hins vegar virðist þetta ekki vera neitt sem hún er að velta sér upp úr. Hún fór á leikskóla eins og önnur börn og hennar líf gengur allt mjög eðlilega fyrir sig, þannig séð. En auðvitað kemur að því að hún fer að spá meira í þetta og þá er um að gera að ræða við hana af hreinskilni. Ég tel það vera lykilatriði.“



Jón Heiðar og Nanna með Bjarneyju Guðrúnu. Fjölskyldan fluttist til Akureyrar fyrir ári síðan og hefur fengið mjög góðar móttökur af bænum t.d. í sambandi við liðveislu, stuðning o.fl. Mynd/kmh.

„Ég er þakklátur fyrir að ég og dóttir mín erum ekki með verri sjúkdóm en þennan, vegna þess að það eru til margir mun verri sjúkdómar.“

Ágæt reynsla af kerfinu

Foreldrar fatlaðra barna hafa oft og tíðum kvartað yfir kerfinu, það sé mikill frumskógur og erfitt að fá að vita um réttindi sín o.fl. En hvaða reynslu hefur Jón Heiðar og hans fjölskylda af kerfinu? „Við getum ekki kvartað yfir því. Kerfið er vissulega frumskógur fyrir þá sem þekkja ekkert inn á það og ég skil vel að margir hafi hreinlega gefist upp á því. Maður fær ekkert upp í hendurnar, það þarf að hafa fyrir hlutunum. Ef maður gerir það kemur í ljós að það er ýmislegt í boði. Við höfum nýtt okkur margt í kerfinu sem hefur gagnast okkur mjög vel. Við erum t.d. núna komin með bíl með lyftu. Þegar Bjarney Guðrún fékk rafmagnshjólastólinn var í raun ekkert annað í myndinni en að fá bíl með lyftu vegna þess að stóllinn er svo fyrirferðamikill. Bíllinn, sem er stór og rúmgóður, hefur auð-

veldað okkur hið daglega líf til muna. Nú get ég t.d. alveg farið með Bjarneyju Guðrúnu einn í leikskólann. Við reynum að nýta okkur allt sem í boði er. Við fáum t.d. ferðastyrk vegna þess að við þurfum að mæta með Bjarneyju Guðrúnu á Greiningarstöð ríkisins tvisvar á ári. Þá er Bjarney Guðrún hjá stuðningsfjölskyldu einu sinni í mánuði. Það er semsagt ýmislegt hægt að gera til að létta á hlutunum. Maður þarf bara að vera vakandi fyrir því.“

Jón Heiðar er jákvæður og sér björtu hliðarnar á tilverunni og þeim aðstæðum sem hann og dóttir hans búa við. „Ég hef fengið mikið út úr lífinu og er almennt lífsglaður. Auðvitað óska ég engum þess að fæðast með fötlun, en á margan hátt þroskar þetta mann. Ég er þakklátur fyrir að ég og dóttir mín erum ekki með verri sjúkdóm en þennan, vegna þess að það eru til margir mun verri sjúkdómar,“ segir Jón Heiðar að lokum.

Texti: Krístrún M. Heiðberg.

Framboð á þingi Sjálfsbjargar, Isf. 14. til 16. maí 2004

Auglýst er eftir framboðum í stjórnir og nefndir, sem kjörnar verða á þingi Sjálfsbjargar, Isf.

Eftirtaldir sátu í kjörnefnd Sjálfsbjargar vegna þingsins í ár:

Grétar Pétur Geirsson, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. S. 691-1195. Vs. 588-5077.

Hildur Jónsdóttir, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. S. 555-3527.
Netfang: hijons@ismennt.is

Helga Axelsdóttir, Sjálfsbjörg í Fjarðarbyggð. S. 477-1483

Ívar Herbertsson, Sjálfsbjörg á Akureyri. 462-2073/855- 3543

Þórir Karl Jónasson, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. S. 897-6698.

Kjörnefnd bar að senda frá sér framboðslista tveimur mánuðum fyrir þing Sjálfsbjargar, Isf. sem að þessu sinni fer fram 14. til 16. maí nk. Nefndin lauk því störfum 14. mars 2004 vegna lokaútgáfu framboðslistans, sem sendur hefur verið aðildarfélögum og framkvæmdastjórn, eins og lög Sjálfsbjargar, Isf. kveða á um og er auk þess að finna uppfærðan miðað við nýjustu stöðu á vefsíðu Sjálfsbjargar www.sjalfsbjorg.is. Framboðsfrestur rennur út mánuði fyrir þing þ.e.a.s. hinn 14. apríl 2004.

Hér með er auglýst eftir félagsmönnum í framboð. Þar sem frestur kjörnefndar til að leggja fram lista er liðinn þegar þetta birtist skal tilkynna framboð til skrifstofu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra (Sigurður Einarsson, framkvæmdastjóri eða Arndís Guðmundsdóttir, félagsmála-fulltrúi) fyrir 14. apríl nk.

*Sigurður Einarsson,
framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar, Isf.*

Eftirtaldir eru í framboði á þingi Sjálfsbjargar, Isf. vorið 2004

(athugið að fleiri en einn getur verið í framboði í hvert embætti og sami maður getur verið í framboði í fleira en eitt embætti)

Talan sem sést fyrir aftan „aðildarfélag“ segir til um hve lengi viðkomandi hefur setið samfellt í viðkomandi stjórn eða nefnd (enginn má sitja lengur en 6 ár samfellt í sömu stjórn eða nefnd). Bókstafurinn þar fyrir aftan gefur eftirfarandi til kynna: e merkir að viðkomandi gefi kost á sér til endurkjörs. g merkir að viðkomandi gefi kost á sér og hafi ekki verið í viðkomandi embætti síðasta starfstímabil.

Í framkvæmdastjórn er kosið sérstaklega í hvert embætti. Varamenn eru þó kosnir allir í einu og ræður fjöldi atkvæða því hvort varamaður verður 1., 2. eða 3. varamaður.

Frankvæmdastjórn

Ragnar Gunnar Þórhallsson. Í framboði sem formaður. Félagsmaður í Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Þórir Karl Jónasson. Í framboði sem formaður. Félagsmaður í Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir. Í framboði sem varaformaður. Félagsmaður í Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g Þórir Karl Jónasson Í framboði sem varaformaður. Félagsmaður í Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Grétar Pétur Geirsson. Í framboði sem gjaldkeri. Félagsmaður í Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 4 - e

Anna Guðrún Sigurðardóttir. Í framboði sem ritari. Félagsmaður í Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Herdís Ingvadóttir. Í framboði sem meðstjórnandi. Félagsmaður í Sjálfsbjörg á Akureyri. 2 - e

Guðný Guðnadóttir. Í framboði sem varamaður. Félagsmaður í Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Útgáfunefnd

Árni Salomonsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e

Pálína Snorradóttir. Sjálfsbjörg á Suðurlandi. 4 - e

Guðný Guðnadóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e

Jón Hlöðver Áskelsson. Sjálfsbjörg á Akureyri. 2 - e

Örn Sigurðsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e

Farartækjanefnd

Ragnar Gunnar Þórhallsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 4 - e

Örn Sigurðsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e

Arnór Pétursson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Starfsnefnd um ferlimál

Geirþrúður Ásta Jónsdóttir. Sjálfsbjörg á Vopnafirði. 4 - e

Aðalheiður Angantýsdóttir. Sjálfsbjörg á Siglufirði. 4 - e

Sigurrós M. Sigurjónsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 4 - e

Hildur Jónsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e

Marie Thérèse Robin. Sjálfsbjörg á Vopnafirði. 4 - e

Konný Garíbaldadóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e

María Óskarsdóttir. Sjálfsbjörg á Húsavík. 0 - g

Nefnd um félagsþjónustu sveitarfélaga

María Óskarsdóttir. Sjálfsbjörg á Húsavík. 0 - g

Ívar Herbertsson Sjálfsbjörg á Akureyri. 0 - g

Þórir Karl Jónasson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Húsnefnd

Guðríður Ólafsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e

Sigurrós M. Sigurjónsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 4 - e

Ragnhildur Guðmundsdóttir. Sjálfsbjörg í Skagafirði. 2 - e

Þórir Karl Jónasson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e

Kristín R. Magnúsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Varamaður: Ólafur Oddsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e

Atvinnulífsnefnd

Jóna Marvinsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 4 - e
 Sóley Axelsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 4 - e
 Grétar Pétur Geirsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g
 Arni Salomonsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g
 Tryggvi Garðarson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Félagsmálanefnd

Ása Hildur Guðjónsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e
 Harpa Jónsdóttir. Félag heilablóðfallsskaðaðra. 2 - e
 Örn Sigurðsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e
 Unnur Jónsdóttir. Sjálfsbjörg í Fjarðarbyggð. 4 - e
 Ragnhildur Guðmundsdóttir. Sjálfsbjörg í Skagafirði. 4 - e
 Jórunn Erla Sigurjónsdóttir. Sjálfsbjörg á Suðurlandi. 2 - e

Laganefnd

Jón Eiríksson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 4 - e
 Ása Hildur Guðjónsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 4 - e
 Herdís Ingvadóttir. Sjálfsbjörg á Akureyri. 4 - e
 Guðríður Ólafsdóttir. Sjálfsbjörg á Höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Kjaramálanefnd

María Óskarsdóttir. Sjálfsbjörg á Húsavík. 2 - e
 Örn Sigurðsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e
 Jórunn Erla Sigurjónsdóttir. Sjálfsbjörg á Suðurlandi. 2 - e
 Ivar Herbertsson. Sjálfsbjörg á Akureyri. 0 - g
 Anna Guðrún Sigurðardóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Ný-ung, æskulýðsnefnd

Friðrik Þór Ólafsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e
 Haraldur Þór Haraldsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 4 - e
 Varamaður: Bjarki Birgisson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e

Fulltrúar í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins

Jón Hlöðver Áskelsson. Sjálfsbjörg á Akureyri. 2 - e
 Arnór Pétursson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e
 Hildur Jónsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g
 Pálína Snorradóttir. Sjálfsbjörg á Suðurlandi. 0 - g

Fulltrúaráð ÖBÍ

Stefán B. Guðmundsson. Sjálfsbjörg á Ísafirði. 2 - e
 Arnór Pétursson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g
 Þórir Karl Jónasson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g
 Varamenn: Hannes Sigurðsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e
 Asa H. Guðjónsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e

Fulltrúar í stjórn ÖBÍ

Ragnar Gunnar Þórhallsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g
Þórir K. Jónasson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Styrktarsjóður Sjálfsbjargar

Friðrik Á. Magnússon. Sjálfsbjörg á Suðurnesjum. 2 - e
Þórir Karl Jónasson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e
Tryggvi Garðarsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g

Stjórn Tölvumiðstöðvar fatlaðra

Hallgrímur Eymundsson. Sjálfsbjörg í Skagafirði. 2 - e

Minningarsjóður Theódórs A. Jónssonar

Jón Stígsson. Sjálfsbjörg á Suðurnesjum. 4 - e
Ólöf Ríkarðsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e
Helga Axelsdóttir. Sjálfsbjörg í Fjarðarbyggð. 0 - g

Skoðunarmenn Sjálfsbjargar, Isf.

Vikar Pétursson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 4 - e
Valdimar Pétursson. Sjálfsbjörg á Akureyri. 2 - e

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar

Guðríður Ólafsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e
Sigurður Björnsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 4 - e
Varamaður: Sigurjón Einarsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 4 - e

Stjórn Hjálparliðs Sjálfsbjargar, Isf.

Guðríður Ólafsdóttir. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e
Grétar Pétur Geirsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g
Varamaður: Stefán B. Guðmundsson. Sjálfsbjörg á Ísafirði. 2 - e

Fulltrúar í stjórn NHF (Nordisk Handikap Forbund)

Ragnar G. Þórhallsson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 0 - g
Varamaður: Þórir Karl Jónasson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu 0 - g

Stjórn Medic Alert

Þórir Karl Jónasson. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. 2 - e



Pökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning

Reykjavík

Tannlæknastofa Ketils Högnasonar
Snorrabraut 29
Tannsmíðamiðstöðin sf
Hátúni 2a
Tannvernd ehf
Síðumúli 28
TARK Teiknistofan ehf - Arkitektar
Brautarholti 6
Teiknistofa Ingimundar
Sveinssonar
Ingólfsstræti 3
Teiknistofan Óðinstorgi sf
Óðinsgötu 7
Teiknistofan Skólavörðustíg 28 ehf
Skólavörðustíg 28
Texti ehf
Síðumúla 23
Trésmíðjan Jari ehf
Funahöfða 3
Trésmíðjan Kompaníið hf
Bildshöfða 18
Tróberco
Laugavegi 71
Tryggingamiðlun Íslands ehf
Síðumúla 21
Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
Túnþökupjónustan ehf
Reykási 43
Tölvar ehf
Síðumúla 1
Umslag ehf
Lágmúla 5 (bakhús)
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf
Vesturhlíð 2
Útfarapjónusta Rúnars
Geirmundssonar
Fjarðarási 25
Varahlutaverslunin Kistufell hf
Brautarholti 16
Vátryggingafélag Íslands hf
Ármúla 3
Veidarfærasalan Dimon
Austurbugt 5
Veislukostur ehf
Hverafold 29
Verðbréfaskráning Íslands hf
Laugavegi 182
Verðbréfastofan hf
Suðurlandsbraut 18
Verkfræðistofa Guðmundar og
Kristjáns hf
Laugavegi 178
Verkfræðistofan Fjölhönnun
Stórhöfða 27
Verkfræðipjónusta Guðmundar G.
Pórarinssonar e
Rauðagerði 59
Veronika
Lauganesvegi 74a

Vesturborg ehf
Ásvallagötu 19
Vélamiðstöð ehf
Gylfaflöt 9
Vélar og skip ehf
Hólmaslóð 4
Vélaver hf
Lágmúla 7
Véltjórafélag Íslands
Borgartúni 18
Vinnuálastofnun
Hafnarhúsinu Tryggvagötu 1
Víkurskóli
Hamravík 10
Yogastöðin Heilsubót
Síðumúla 15
Þ Þórgrímsson og Co ehf
Ármúla 29
Þingvallaleið ehf
Skógarhlíð 10
Þrif og þvottur ehf
Reykjavíkurvegi 48
Þyðingapjónusta Boga Arnars
Engjaseli 43
Öryrkjabandalag Íslands
Hátúni 10

Seltjarnarnes

Ljósmyndastúdíó Péturs
Péturssonar
Austurströnd 8
Seltjarnarneskaupstaður
Austurströnd 2
Tónika ehf, umboðs- og
heildverslun
Melabraut 35
Önn ehf, verkfræðistofa
Eiðistorgi 15

Vogar

Silungur ehf
Stóru-Vatnsleysu

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf
Dalvegi 18
Alþjóða fjárfestingamiðlunin ehf
Hlíðasmára 17
Aringerð Jóns Eldons
múrarameistara
Fellasmára 7
Á Guðmundsson
Bæjarlind 8-10
Ártak ehf
Smíðjuvegi 1
Ásgeir Einarsson hf
Smíðjuvegi 11
B T S Byggingar ehf
Smíðjuvegi 4
Barkí ehf

Nybýlavegi 22
Bifreiðaverkstæði Friðriks
Ólafssonar ehf
Smíðjuvegi 22
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf
Skemmuvegi 24
Bílvogur ehf
Auðbrekku 17
BJ-verktakar ehf
Bergsmára 8
Bliksmiðja Einars ehf
Smíðjuvegi 4b
Brostu ehf -Tannlæknastofa Páls Æ
Pálssonar
Hamraborg 5
Fjárfestingamiðlun Íslands ehf
Hlíðasmára 8
Framrás, ástandsgreining ehf
Auðbrekku 24
Freyja
Kársnesbraut 104
G. Gunnarsson ehf
Hlíðasmára 8
Godði ehf
Auðbrekku 19
Gott fæði ehf
Smíðjuvegi 11
Hegas ehf
Smíðjuvegur 1
Heildverslunin Mót ehf
Bæjarlind 2
Hjallaskóli
við Álfhólsvog
Hús og hilyli ehf
Hlíðasmára 17
Hvellur
Smíðjuvegi 8
Íslandsspil sf
Smíðjuvegi 11a
Íslenskir undirverktakar ehf
Álfhólsvogi 29
Janus - Tinna
Auðbrekku 21
Járnsmiðja Óðins ehf
Smíðjuvegi 4b
Klippt og skorið hársnyrtistofa
Hamraborg 10
Krossgötur, áfanga og meðferðar-
heimili
Hlíðasmára 5-7
Lagnatækni ehf
Hamraborg 12
Lárus Lárberg ehf
Lautasmára 1
Littlaprent ehf
Skemmuvegi 4
Lögmannsstofa SS ehf
Hamraborg 10
Markholt ehf
Hásölum 13
Málarasmíðjan ehf
Selbrekku 36
Point á Íslandi ehf

Hlíðasmára 10
Radíóþjónusta Sigga Harðar ehf
Dalvegi 16b
Rafmiðlun ehf
Auðbrekku 2
Reynir bakari
Dalvegi 4
Sigurður Pálmason ehf
Arnarsmára 2
Slökkvitækjapjónustan Profun ehf
Bakkabraut 16
Sól Gallerí
Grænátúni 1, s:5543799
Stanislas Bohic garðarkitekt
Smíðjuvegi 11
Stálbær ehf
Smíðjuvegi 9a
Tannlæknastofa Kristínar
Ragnarsdóttur
Núpalind 1
Tannlæknastofa Páls Ævars
Pálssonar sf
Hamraborg 5
Tempó- innrömmun sf
Álfhólsvogi 32
Tengi ehf
Smíðjuvegi 11 a
Tinna ehf og Janus ehf
Auðbrekku 21
Trélag ehf
Ísalind 4
Verkfræðistofa Snorra
Ingimarssonar ehf
Hamraborg 11
Vetrarsól
Askalind 4
Ömmubakstur ehf
